

Landsyfirrjettardómar 1888.

Mánudaginn 16. janúarmán.

Nr. 54/1887.

Guðmundur Guðmundsson
gegn

Otta Guðmundssyni.

Dómur:

Í máli þessu var áfrýjunarstefna út gefin á skrifstofu yfirdómsins hinn 21. októbermán. f. á., og átti það eftir stefnunni að koma fyrir til meðferðar í yfirdóminum hinn 9. þ. m., en þá mætti áfrýjandinn ekki, og enginn fyrir hans hönd, og var yfirdómsstefnan eigi lögð fram í rjettinum þennan dag. Þar sem nú hinn stefndi þá ljet mæta í rjettinum, verður að álíta það sannað, að stefnan hafi verið birt fyrir honum, og ber því eftir kröfu hans og samkvæmt N. L. 1—4—34 að dæma honum hæfilega upphæð í kost og tæringu, sem ákvedst 6 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn Guðmundur Guðmundsson á að

greiða hinum stefnda Otta Guðmundssyni 6—
sex—krónur í kost og tæringu innan 8 vikna
frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella aðför
að lögum.

Mánudaginn 23. janúarmán.

Nr. 57/1887.

Rjettvísín

gegn

Kristjáni Þorgrímssyni, Guðmundi
Guðmundssyni og Halldóri Sigurðssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Þingeyjarsýslu, sem 4. júní
f. á. var kveðinn upp í máli, er amtmaðurinn í Norð-
ur- og Austuramtinu hafði boðið að höfða gegn bænd-
unum Kristjáni Þorgrímssyni í Leirhöfn, Guðmundi
Guðmundssyni á Hálsi, og Halldóri Sigurðssyni á Ein-
arsstöðum, út af broti gegn 251. grein hinna almennu
hegningarlaga, voru hinir nefndu ákærðu sýknaðir af
kærum rjettvísinnar, og málskostnaður, þar með talin
málsvarnarlaun til hinna skipuðu talsmanna hinna á-
kærðu, Hermanns stúdents Hjálmarssonar og hrepps-
nefndaroddvita Þorbergs Þórarínssonar, 6 kr. til hvors
þeirra, dæmdur af almannafje.

Þessum dómi hefur hlutaðeigandi amtmaður skotið
til yfirdómsins.

Málsatvik eru þessi. Um haustið 1884 rak upp
á Presthóla- og Magnavíkur-reka í Presthólahreppi
í Þingeyjarsýslu, er liggja saman, ýmisleg brot
og áhöld úr smábátum, svo sem nokkrar árar,
mastur og þóptur, meira eða minna brotið, ástöðu-